

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing eystra
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur



Reykjavík 8.ágúst 2016
UST201607-009/K.S.J.
10.04.02

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012- 2024. Breytingar á frístundasvæði í landi Sámsstaða


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 1.júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 – 2024 í landi Sámsstaða.


Frístundasvæði í landi Sámsstaða

Ofangreind breytingartillaga felur í sér tvær breytingar á frístundasvæðum í landi Sámsstaða. Annars vegar er 5,3 ha svæði sem áður var skilgreint sem frístundasvæði breytt í landbúnaðarsvæði, spildu. Hins vegar er frístundasvæði þar sem eru skilgreindar 16 frístundalóðir breytt þannig að nú eru þar skilgreindar 18 lóðir. Í tillöggunni kemur fram að ekki er um verndarsvæði að ræða á frístundasvæðinu.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreindar breytingar.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Sérfræðingur